

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Al, Halim, kjötíðnaðarmaður í Reykjavík, f. 7. janúar 1955 í Tyrklandi. Fær réttinn 13. apríl 1987.
2. Anna Kristín Einarsson, flugfreyja í Reykjavík, f. 11. ágúst 1952 í Bandaríkjunum.
3. Antoniussen, Klæmint Svenning, tannlæknir í Stykkishólmi, f. 19. september 1943 í Færeyjum.
4. Arnar Freyr Samantha Hermannsson, barn á Akureyri, f. 28. apríl 1985 á Sri Lanka.
5. Arndís Jóna Steinarsdóttir, húsmóðir í Grindavík, f. 29. júlí 1962 á Íslandi.
6. Assier, Roland Richard Marie, markaðsstjóri í Reykjavík, f. 12. desember 1957 í Frakklandi.
7. Bandel, Zofia, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. febrúar 1946 í Póllandi.
8. Beekman, Christian, bóndi í Breiðdal, f. 4. apríl 1948 í Hollandi.
9. Behrend, Tómas, rafvirki í Skútustaðahreppi, f. 17. mars 1955 á Íslandi.
10. Benedicic, Helena Dejak, húsmóðir á Akureyri, f. 18. ágúst 1946 í Júgóslavíu.
11. Brune, Esther, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 22. nóvember 1957 í Suður-Afríku. Fær réttinn 4. ágúst 1987.
12. Choi, Kui Ja, húsmóðir í Reykjavík, f. 31. október 1949 í Suður-Kóreu.
13. Christensen, Björn Ingi Hyldahl, kaupmaður í Garðabæ, f. 4. mars 1951 á Íslandi.
14. Christensen, Sveinn Henrik Hyldahl, kaupmaður í Reykjavík, f. 29. mars 1943 á Íslandi.
15. Collins, Skúli Patrick Leo, nemandi í Reykjavík, f. 24. nóvember 1976 á Nýja-Sjálandi.
16. Correa, Lisa Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. ágúst 1960 á Indlandi. Fær réttinn 13. október 1987.
17. Daniel Matthías Sigurðsson, nemandi í Garðabæ, f. 6. júlí 1962 í Þýskalandi.
18. Djermoun, Mohamed, verslunarmaður í Reykjavík, f. 24. júní 1948 í Alsír.
19. Eckard, Richard Henry, eldvarnaeftirlitsmaður í Sandgerði, f. 1. október 1945 á Íslandi.
20. Eckardt, Ludwig Martin, kennari á Akranesi, f. 14. maí 1951 í Þýskalandi.
21. Eliason, Sonja Ísafold, húsmóðir í Krýsuvík, f. 13. október 1936 í Danmörku.
22. Frady, Elly Renée, bankastarfsmaður í Kópavogi, f. 31. október 1958 á Íslandi.
23. Furrow, Jennie, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. júní 1956 í Bandaríkjunum.
24. Gunnlaugur Marteinn Símonarson, stýrimaður í Reykjavík, f. 29. júní 1952 á Íslandi.
25. Hadzic, Nebojsa, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 20. nóvember 1939 í Júgóslavíu.
26. Hajduk, Magdalena, barn í Reykjavík, f. 8. mars 1979 í Póllandi.
27. Hambrock, Heide Margarete, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. júní 1959 í Austurríki.
28. Hartmann, Ilse Heike, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 28. mars 1936 í Þýskalandi.
29. Hirlekar, Girish Bhaskar, læknir á Akureyri, f. 4. febrúar 1952 á Indlandi. Fær réttinn 25. ágúst 1987.
30. Holm, Gunnar, vélfræðingur í Reykjavík, f. 3. ágúst 1961 á Íslandi.
31. Holm, Linda Björk, starfsstúlka í Reykjavík, f. 18. júní 1961 á Íslandi.
32. Jacobsen, Edil Jovina, húsmóðir á Vopnafirði, f. 5. febrúar 1945 í Færeyjum.

33. Joensen, Alda Hafdís, húsmóðir í Grindavík, f. 7. febrúar 1948 á Íslandi.
34. Joensen, Guðbjörg Berglind, húsmóðir í Grindavík, f. 22. desember 1953 á Íslandi.
35. Joensen, Súsanna, húsmóðir í Grindavík, f. 9. maí 1946 á Íslandi.
36. Johansen, Aðalgeir Georg Daði, netagerðarmaður í Grindavík, f. 28. júlí 1950 á Íslandi.
37. Johansen, Flóvent Elías, netamaður í Grindavík, f. 18. júlí 1954 í Færeyjum.
38. Jóhann Páll Lilaa Símonarson, farmaður í Reykjavík, f. 11. apríl 1951 á Íslandi.
39. Josephsson, Ulf Anders Torsten, sjúkraliði í Reykjavík, f. 2. maí 1958 í Svíþjóð.
40. Kárdal, Jónína Ólafsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 8. nóvember 1966 í Bandaríkjunum.
41. Khan, Mohammed Allauddin, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. 5. ágúst 1961 í Pakistan. Fær réttinn 28. apríl 1987.
42. Kim, Tae Chol, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 15. júlí 1945 í Suður-Kóreu.
43. Klonowski, Ewa Elvira, erfðafræðingur í Reykjavík, f. 14. nóvember 1946 í Póllandi. Fær réttinn 28. maí 1987.
44. Klonowski, Ireneusz, verkfræðingur í Reykjavík, f. 27. júní 1945 í Póllandi. Fær réttinn 28. maí 1987.
45. Krawczyk, Stanisława, húsmóðir í Reykjavík, f. 18. apríl 1952 í Póllandi.
46. Laskowska, Regina Irena, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. janúar 1963 í Póllandi. Fær réttinn 4. maí 1987.
47. Ly, Lan Muoi, húsmóðir í Reykjavík, f. 15. október 1956 í Viet Nam. Fær réttinn 22. desember 1987.
48. Martinez, Antonio Fernández, sjómaður á Fáskrúðsfirði, f. 16. maí 1959 á Spáni.
49. Miltenburg, Marinus Jacobus Wilhelmus, verkamaður í Grindavík, f. 22. febrúar 1960 í Hollandi.
50. Mooney, Bruce Scott, verkamaður í Reykjavík, f. 20. júlí 1958 í Bandaríkjunum.
51. O'Connell, Edward Gerard, vélvirki í Reykjavík, f. 11. júní 1950 í Skotlandi.
52. Polanska, Jolanta, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. apríl 1959 í Póllandi. Fær réttinn 6. apríl 1987.
53. Potenciano, Jesús Hernández, kennari í Reykjavík, f. 1. janúar 1948 á Spáni.
54. Sandy, Anthony Roy, hárgreiðslumeistari í Mosfellssveit, f. 14. júlí 1945 í Englandi.
55. Shahin, Ibrahim Antar Sayed Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 27. janúar 1947 í Egyptalandi.
56. Shahin, Samir Antar Said Ahmid, verkamaður í Reykjavík, f. 23. júní 1954 í Egyptalandi.
57. Stanojev, Krsta, íþróttakennari í Kópavogi, f. 5. júní 1944 í Júgóslavíu.
58. Suchanek, Barbara María, húsmóðir í Hrunamannahreppi, f. 28. júlí 1945 í Póllandi.
59. Swan, Edward Marion, bankastarfsmaður í Reykjavík, f. 14. janúar 1947 í Bandaríkjunum.
60. Tamayo, Proserpina Yrissari, húsmóðir á Hvammstanga, f. 1. febrúar 1949 á Filippseyjum.
61. Tomcsyk, Izabella, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. apríl 1940 í Póllandi.
62. Vasiljeva, Natalya Vladimirovna, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. janúar 1959 í Sovetríkjunum. Fær réttinn 12. maí 1987.
63. Vilhjálmur Helgi Vilhjálmsson, nemandi í Reykjavík, f. 29. janúar 1960 í Bandaríkjunum.
64. Vogler, Philip Norman, kennari á Egilsstöðum, f. 4. október 1950 í Bandaríkjunum.
65. Waldimar Waldimarsson, fiskeldismaður í Reykjavík, f. 7. júlí 1935 á Íslandi. Fær réttinn 1. október 1987.
66. Wendover, Arthur Gordon, rafeindavirki á Ísafirði, f. 14. apríl 1947 í Kanada.
67. Wendover, Brigid Elizabeth, húsmóðir á Ísafirði, f. 18. apríl 1944 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Peim sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir skal heimilt, til septemberloka 1987, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Beiðni um uppboð skal vera skrifleg. Greina skal þar, svo að ekki verði um villst, nafn og heimili uppboðsbeiðanda og uppboðspolanda og skuldunautar sé hann annar en uppboðspolandi. Greina skal og nægilega glögg þau verðmæti sem uppboðs er krafist á, svo sem fasteign, skip, loftfar eða bifreið, með viðeigandi merkjum eða einkennum, verðbréf með flokkstölu, bókstaf og númeri, ef því er að skipta, vörutegund, ef vörur skal selja, skepnur, svo sem hross, kýr o.s.frv. Gera skal og grein fyrir uppboðsheimild og láta þau skjöl fylgja er sanna hana, svo sem endurrit lögtaks- eða fjárnámssgerðar, frumrit eða myndrit veðskuldabréfs, handveðssamnings eða annars heimildarskjals. Uppboðshaldari getur hvenær sem er krafðið uppboðsbeiðanda um frumrit skjals til staðfestingar á uppboðsheimild en þó skal það gert eigi síðar en við uppboðssölu.

2. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna fellur niður.